



HEILSA Á FLÓTTA

MÁLÞING UM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU FYRIR UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND Á ÍSLANDI

Föstudaginn 11. október 2019 | Hótel Reykjavík Natura



Sérstakur gestur og aðalfyrirlesari:

Julie Benbenishty

- Frumkvöðull að samráði og samvinnu hjúkrunarfræðinga sem vinna á stríðshráðum svæðum óháð landamærum, trú og þjóðerni
- Stofnaði samtökin Hjúkrunarfræðingar í Miðausturlöndum (Nurses in the Middle East) ásamt fleirum
- Djarfur fyrirlesari og hugrakkur heilbrigðisstarfsmaður
- Hjúkrunarfræðingur og samhæfingarstjóri á Hassada sjúkrahúsinu í Tel Aviv

Í erindi sínu, *The Humanity in Caring for Refugees - past, present and future*, mun hún m.a. fjalla um sögu og ástæður fólksflóttu, áhrif flóttalífs á einstaklinga, fjölskyldur og samfélög. Hún mun ræða um þá skyldu heilbrigðisstarfsfólks að sinna manneskjum óháð aðstæðum og hvað getur ógnað því viðhorfi. Loks mun hún velta upp hugmyndum um mismundandi búsetuskilyrði flóttamanna.

Julie Benbenishty ólst upp í Bandaríkjunum en flutti á unglingsárum til Tel Aviv þar sem hún lauk hjúkrunarnámi 1978 og meistaraþrófi 2009. Nú stundar hún doktorsnám við Plymouth-háskóla í Bretlandi. Hún starfar á sjúkrahúsi þar sem sjúklingum frá átakasvæðum, bæði á Vesturbakka Jórdan og Gaza-svæðinu, er sinnt. Hún er einnig kennari við Hebrew University School of Nursing og hefur verið gestakennari víðar. Julie hefur á ferlinum verið í forsvari fyrir fjölda gæða- og þróunarverkefna á sviði gjörgæslu- og bráðahjúkrunar.

Reynsla hennar úr starfi leiddi til þess að hún stofnaði samtökin *Hjúkrunarfræðingar í Miðausturlöndum* (Nurses in the Middle East) ásamt Na'ila Hayek, arabísk-ísrælskum gjörgæsluhjúkrunarfræðingi. Markmið samtakanna er að veita fólki í Miðausturlöndum betri hjúkrun óháð trú, uppruna, þjóðerni, tungumáli eða landamærum. Árlegir fundir samtakanna eru haldnir í Jórdaníu af því þangað geta hjúkrunarfræðingar frá löndunum í kring ferðast hindrunarlaust.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Arnoldsdóttir, aslaugar@landspitali.is